

Fundargerð stjórnar BÍS 03/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 2. febrúar 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, starfandi formaður alþjóðaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Gestur:

Hrólfur Jónsson, mótstjóri Landsmóts skáta 2012 undir 4. lið.

Dagskrá:

1. Setning: BB bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, dagskrárráðs, fræðsluráðs, landsmótsstjórnar og fundargerðir fararstjórnar Jamboree og minnispointar afmælisársnefndar: Lágú fyrir.
4. Landsmót skáta 2012: Hrólfur Jónsson, mótstjóri, kynnti stöðu mála við undirbúning. Á Skátapiþing 2011 verður skátafélögum boðið að taka að sér verkefni sem snúa að framkvæmd mótsins. Gert er ráð fyrir að mótsgjald erlendra þátttakenda verði EUR 350.
5. Skátapiþing 2011: Þema þingsins verður „Fögnum breytingum“. Joao úr heimsstjórn WOSM verður gestur þingsins og mun taka þátt í stefnumótunarþætti þess. Gert er ráð fyrir að kvölddagskrá laugardagskvöldsins verði svokallað félagakvöld þar sem skátafélög og aðrir hópar geta kynnt hvaðeina.
6. Félagsforingjafundur: BAÁ og JA sögðu frá því að haldnir voru 4 fundir á Akureyri, í Borgarnesi, Reykjavík og Garðabæ. Fundirnir tókust vel, mæting var ágæt þó vissulega hafi verið vonast eftir fleiri sveitarforingjum. Umræðan á fundunum var jákvæð og uppbyggjandi.
7. Heimsþing WAGGGS 2014: HS sagði frá því að BÍS hafi sent fyrirspurn til heimsskrifstofu WAGGGS þegar enn einu sinni var framlengdur fresturinn til að bjóðast til að halda þingið. BÍS var hvatt til að senda inn boð og er nú verið að vinna ítarlegri greiningu á því. Boðið þarf að berast WAGGGS fyrir 28. febrúar.
8. Skýrsla frá MMRN, Ungt fólk utan skóla 2009: Gefin hefur verið út skýrsla um rannsóknina Ungt fólk utan skóla 2009 og lá hún frammi.
9. Önnur mál:
 - a. Aðalfundur skátafélaga: Nú er að hefjast tímabil aðalfunda skátafélaga og mun skrifstofa miðla til stjórnarmanna upplýsingum um þessa fundi og kanna hvort mögulegt er að fulltrúi BÍS mæti.
 - b. Roverway 2012: Alþjóðaráð leggur til að Gísli Örn Bragason, Vífli, verði skipaður fararstjóri. Samþykkt.
 - c. Lagamál: Laganefnd hefur skilað álitum sem kynnt hefur verið á heimasíðu BÍS og með tölvupósti til félagsforingja. Boðað hefur verið til opins fundar um lagamál þriðjudaginn 8. febrúar.
 - d. Uppstillingarnefnd: Nefndin hefur fundað, en enn er ekki búið að finna frambjóðendur í allar stöður.

Umræðuefni: Fjárhagsáætlun: Drög fjárhagsáætlunar samþykkt.

Fleira ekki rætt, fund slitið kl. 19:55, fundargerð ritaði JA.